

Fréttabréf BR

Hér fyrir neðan birtist pistill formanns félagsins, Gylfa Baldurssonar:

Góðir félagar.

Á síðastliðnu starfsári tók stjórn B.R., að gefnu tilefni, til umfjöllunar kosningu heiðursfélaga. Nánari eftirgrennslan leiddi í ljós að engar tiltækar heimildir fundust um heiðursfélaga, nema hvað árið 1992 hafði stjórn undir formennsku Sævars Þorbjörnssonar veitt heimsmeisturunum okkar ásamt nokkrum mætum afreksmönnum sérstaka viðurkenningu sem margir hafa lítið á sem heiðursfélaganafnbót. Enginn efast um að þessir ágætu félagar hafi átt heima í sérstökum afreksmannahópi, en samkvæmt lögum B.R. skal kjósa heiðursfélaga á aðalfundi, en engar heimildir eru fyrir því að slíkt hafi átt sér stað.

Í kjölfar þessa hef ég verið að grennslast fyrir um gamlar fundargerðir B.R. og aðrar heimildir um sögu félagsins, og sannast sagna er þar ekki um auðugan garð að gresja. Eins og stendur erum við í stjórninni að reyna að hafa upp á þeim gögnum sem kunna að hafa varðveist, og væri vel þegið að fá ábendingar um það hvar bera eigi niður. Raunar grunar mig að stundum hafi fundargerðir og/eða ársskýrslur verið af skornum skammti og því erfitt að fylla upp í sumar gloppurnar.

En víkjum aftur að heiðursfélögum. Þegar þetta mál kom upp í fyrra lá Hjalti heitinn Elíasson banaleguna og var sýnt að honum myndi ekki endast ævi til að hljóta heiðursfélaganafnbót í samræmi við þau lög sem hann hafði sjálfur látið sér svo annt um. Að öllum öðrum afreksmönnum ólöstuðum væri auðvitað út í hött að hugsa sér skráningu heiðursfélaga þar sem Hjalta væri hvergi getið.

Það er góður siður að félög og félagamtök heiðri með einhverjum hætti sérstakt afreksfólk og skrái nöfn þeirra á spjöld sögunnar. En þar sem feigðin gerir ekki alltaf boð á undan sér megum við ekki vera bundin því að tilnefna þetta afreksfólk í lifanda lífi. Á síðasta Bridgesambandsþingi lagði ég til að við breyttum núgildandi lagaákvæðum um tilnefningu heiðursfélaga og tækjum í stað þess upp það sem enskumælandi menn kalla “Hall of Fame”, þ.e.a.s. nokkurs konar “afreksakademíu” þar sem hægt er að tilnefna verðuga féлага, hvort heldur sem þeir eru lífs eða liðnir. Ég hef í hyggju að leggja fram lagabreytingu í þá veru á næsta aðalfundi B.R.

Ég vil svo þakka öllum félögum fyrir árið sem senn er liðið og vonast til að sjá sem flesta hressa og káta við spilaborðið á komandi ári.

Gylfi Baldursson

◆ Úrslit móta

Þriggja kvölda hraðsveitakeppni fór fram dagana 8., 15. og 22. nóvember. 18 sveitir spiluðu þessa skemmtilegu keppni og var mikil barátta um að halda sér í A-riðli. Bernódus Kristinsson byrjaði mótið illa og lenti í B-riðli en annað kvöldið skoraði hann gríðarlega og skaust á toppinn. Mikil spenna var síðasta kvöldið en sveit Grant Thornton fékk skor kvöldsins og stóð uppi sem sigurvegari.

1. 1886 Grant Thornton
2. 1841 Bernódus Kristinsson
3. 1818 Eykt
4. 1797 Vinabær
5. 1783 Ferðaskrifstofa Vesturlands
6. 1755 BASSA



Gullkonfektíð hlutu Hrólfur Hjaltason, Júlíus Sigurjónsson (á tánum!), Sveinn Rúnar Eiríksson. Einnig spiluðu í sveitinni Hrannar Erlingsson og Jónas P. Erlingsson.



Silfurkonfekt. Gísli Steingrímsson, Bernódus Kristinsson, Hróðmar I. Sigurbjörnsson, Sveinn R. Þorvaldsson. Einnig spiluðu í sveitinni Haukur Ingason og Georg Sverrisson.

Næsta keppni félagsins var þriggja kvölda Cavendish tvímenningur. 42 pör tóku þátt í þessu vinsæla mót. Hægt var að skora gríðarlega í hverri umferð, impasamanburður við öll borðin. Matthías Þorvaldsson og Magnús Magnússon tóku örugga forystu annað kvöldið og enginn ógnaði þeim eftir það.

1. 2293 Matthías Gísli Þorvaldsson – Magnús Eiður Magnússon
2. 1311 Júlíus Sigurjónsson – Hrólfur Hjaltason
3. 1262 Sverrir Þórisson – Björn Friðriksson
4. 1182 Helgi Sigurðsson – Helgi Jónsson
5. 1117 Ljósbrá Baldursdóttir – Ásmundur Pálsson
6. 1098 Rúnar Einarsson – Guðjón Sigurjónsson



Maggi og Matti



Hrólfur og Júlí...mmm meira konfekt

JÓLASVEINATVÍMENNINGUR Á MORGUN!!

Síðasta spilakvöld Bridgefélags Reykjavíkur er þriðjudagurinn 20. desember. Boðið verður upp á jólaöl, malt og appelsín og piparkökur. Góðgæti fyrir efstu pör og einnig fá útvaldir jólasveinar glaðning.





Jólamót BR og SPRON 30. desember!!

**Minningarmót Harðar Þórðarsonar verður spilað í húsnæði
Bridgesambands Íslands fimmtudaginn 30. desember og hefst kl. 17:00.
Keppnisgjald er 5.000 kr. á par.**

Verðlaun:

- 1. Sæti 100.000 kr**
- 2. Sæti 50.000 kr**
- 3. Sæti 30.000 kr**

Auk þess verða flugeldar í aukaverðlaun.

**Spilaður verður monradbarómeter 4 spil á milli para, 11 umferðir. Áætluð
mótslok eru um kl. 23:00.**

Skráning verður stöðvuð í 56 pörum.

Tekið er við skráningu á keppnisstjori@bridgefelaq.is



♦ Reykjavíkurmót í sveitakeppni

Reykjavíkurmótið í sveitakeppni 2006 er eitt sterkasta og vinsælasta mót ársins. Nú eru 15 sveitir sem komast í undankeppni Íslandsmótsins í sveitakeppni. Spilað verður í Síðumúla 37.

Reykjavíkurmót í sveitakeppni verður spiluð í raðkeppni, allir við alla, 16 spila leikir. Ef 16 sveitir tilkynna þátttöku verður spilað þannig:

Þriðjudagur	10. janúar	1-2 umferð
Fimmtudagur	12. janúar	3-4 umferð
Laugardagur	14. janúar	5-7 umferð
Sunnudagur	15. janúar	8-10 umferð
Þriðjudagur	17. janúar	11-12 umferð
Laugardagur	21. janúar	13-15 umferð

Ef 18 sveitir, þá verða spilaðar 4 umferðir 14. og 21. janúar.

Ef 20 sveitir (19) þá bætist við spiladagurinn 18. janúar en þá verða spilaðar 2 umferðir.

Keppnisstjóri verður Björgvin Már Kristinsson. Hægt er að skrá sveitir hjá keppnisstjori@bridgefelag.is Einnig hjá Bridgesambandi Íslands í síma 587- 9360 og á bridge@bridge.is

Núverandi Reykjavíkurmeistarar eru Garðar og vélar.

Verðlaun fyrir 3 efstu sveitirnar og bötlerverðlaun!

Skráningarfrestur er til mánudagsins 9. janúar.

♦ Vordagskráin

Spilastaður að venju er að Síðumúla 37, 3. hæð og spilamennska hefst jafnan klukkan 19:30. Tekið er við skráningu í keppnir allt að klukkutíma fyrir spilamennsku á netfangið keppnisstjori@bridgefelag.is
A vegum félagsins er að venju spilað öll föstudagskvöld í vetur en þar hefst spilamennskan klukkan 19:00. Á þriðjudagskvöldum verða keppnir sem taka tvö eða fleiri kvöld nema þriðjudagana í kringum Bridgehátíð.

Vordagskráin er þannig:

Dagana 24.jan., 31.jan. og 7.feb. verður þriggja kvölda bötlertvímenninur. Ágætt mót til að skerpa makkerskapinn fyrir komandi átök.

14. og 21. febrúar verða eins kvölds tvímenninur. Fyrirkomulag þessara kvölda gæti breyst. Ath! Þetta eru kvöldin fyrir og eftir Bridgehátíð.

28. feb., 7.,14.,21. og 28.mars verður aðalsveitakeppni BR. Hefðbundin 5 kvöld monrad.

4. og 11. apríl. Páskatvímenninur. Monradbarómeter tvö kvöld.

18. apríl, 25. apríl, 2. maí og 9. maí. Aðaltvímenninur BR. Fjögurra kvölda mót. Fyrirkomulag fer eftir þátttöku.

Keppnisstjóri á þriðjudögum er Björgvin Már Kristinsson og Heiðar Sigurjónsson á föstudögum. Félagsmenn geta fylgst með úrslitum og frammistöðu sinni á vefsíðu félagsins, www.bridgefelag.is sem keppnisstjóri útfyllir strax að loknu hverju kvöldi.

ATH! Minnt er á að um áramót skiptir BR um heimasíðu og fer undir hatt www.bridge.is, nánar tiltekið www.bridge.is/felag/reykjavik/br. Til stendur að öll bridgefélög sem áhuga hafa á því að halda úti heimasíðu fái aðgang að heimasíðu Bridgesambands Íslands. Nokkur félög eru nú þegar búin að opna sína heimasíðu undir bridge.is, s.s. bridgefélag yngri spilara, Barðstrendinga og kvenna, Akureyrar o.fl.

Öll fréttabréf sem hafa verið gefin út má finna hér: <http://www.bridge.is/felag/reykjavik/br/frettabref/>

Félagsmenn eru hvattir til að senda inn ábendingar og athugasemdir til stjórnar Bridgefélags Reykjavíkur á netfangið stjorn@bridgefelag.is
Einnig að senda inn upplýsingar um áhugaverð spil eða hvað sem er.

♦ Bronsstigakeppnin

Stórn BSÍ hefur ákveðið að leggja meiri áherslu á bronsstigakeppni vetrarins og tók þá ákvörðun að efna til 16 manna einmenningskeppni í lok vetrar þar sem 16 stigahæstu félagar BR (á þriðjudags- og föstudagskvöldum samanlagt) hafa þátttökurétt. Veitt verða vegleg peningaverðlaun í þessari einmenningskeppni. Nýti félagar sér ekki rétt sinn til þátttöku, færast rétturinn niður listann. Hér fyrir neðan er birtur listi yfir 32 stigahæstu spilarana eins og staðan er 19. desember. Alls hafa 148 spilarar hlotið bronsstig hjá BR í vetur. Einnig er birtur listi yfir 10 efstu konurnar en stigahæstu konurnar munu fá verðlaun í lok tímabilsins.

1	Guðjón Sigurjónsson	193	1	Ljósbrá Baldursdóttir	113
2	Rúnar Einarsson	178	2	Hjördís Sigurjónsdóttir	59
3	Hermann Friðriksson	174	3	Ragnheiður Nielsen	59
4	Gísli Steingrímsson	161	4	Guðbjörg Eva Baldursdóttir	45
5	Hrólfur Hjaltason	149	5	Geirlaug Magnúsdóttir	44
6	Ómar Olgeirsson	149	6	Hrafnhildur Skúladóttir	39
7	Steinberg Ríkarðsson	148	7	Anna Ívarsdóttir	36
8	Magnús Eiður Magnússon	147	8	Guðrún Óskarsdóttir	36
9	Matthías Þorvaldsson	147	9	Alda Guðnadóttir	30
10	Guðmundur Baldursson	129	10	Erla Sigurjónsdóttir	28
11	Ómar Freyr Ómarsson	125			
12	Bernókus Kristinsson	124			
13	Hróðmar I Sigurbjörnsson	124			
14	Jón Ingbórsson	121			
15	Júlíus Sigurjónsson	117			
16	Ljósbrá Baldursdóttir	113			
17	Sveinn R. Þorvaldsson	111			
18	Sverrir G. Kristinsson	102			
19	Ísak Örn Sigurðsson	99			
20	Jónas P. Erlingsson	99			
21	Páll Valdimarsson	97			
22	Ragnar S. Magnússon	97			
23	Björn Friðriksson	96			
24	Sverrir Þórisson	92			
25	Hermann Lárusson	88			
26	Þröstur Ingimarsson	88			
27	Þórir Sigursteinsson	84			
28	Magnús Sverrisson	83			
29	Hlynur Garðarsson	75			
30	Sævar Þorbjörnsson	72			
31	Björgvin Þorsteinsson	70			
32	Ásmundur Pálsson	69			

Eins og sjá má er mikil barátta um sæti á topp 16 en veturinn er aðeins hálfnaður og mörg stór mót eftir svo nægur tími er að skjóta sér upp listann.

GLEÐILEG JÓL OG FARSÆLT KOMANDI ÁR